



Alþingi  
Erindi nr. Þ 122/136  
komudagur 19.11.197

BIRGIR ÍSL. GUNNARSSON

18. nóvember 1997

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,  
Nefndasvið Alþingis,  
Þórshamri v/Templarasund,  
Reykjavík.

Í bréfi dags. 7. nóvember sl. óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa, 149. mál.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu á málið sér langan aðdraganda og átti Seðlabanki Íslands aðild að ýmsum forathugunum. Frumvarpið var samið af lögfræðingum viðskiptaráðuneytis og Seðlabankans í tengslum við starf undirbúningsnefndar um stofnun verðbréfamiðstöðvar sem viðskiptaráðherra skipaði snemma árs 1996. Bankinn átti fulltrúa í nefndinni. Tillögur undirbúningsnefndarinnar og drög að frumvarpi um rafræna eignaskráningu verðbréfa voru kynnt seint á síðasta ári og í framhaldi af því var rækilega farið yfir frumvarpsdrögin í Seðlabankanum og athugasemdum komið á framfæri við viðskiptaráðuneytið. Tillit var tekið til þeirra og gerir Seðlabankinn aðeins eina efnislega athugasemd við frumvarpið eins og það liggur fyrir nú.

Frá því að frumvarpið var lagt fram á þingi sl. vor hefur Seðlabanki Íslands átt viðræður við undirbúningsaðila að stofnun verðbréfamiðstöðvar á Íslandi um fyrirkomulag uppgjors og frágang verðbréfavíðskipta. Jafnframt hyggst Seðlabankinn breyta á næstu misserum fyrirkomulagi uppgjors („clearing“) peningastofnana í bankanum til samræmis við þá þróun sem orðið hefur t.d. í Noregi og í aðildarlöndum Evrópusambandsins. Þessar breytingar felast m.a. í því að greiðslur milli seðlabanka og peningastofnana eru gerðar upp hver fyrir sig jafnóðum innan dags („real time gross settlement“) í stað þess að vera jafnaðar (nettaðar) að kvöldi hvers dags. Þetta eykur öryggi og að breytingum í þessa átt er nú unnið í samstarfi Seðlabankans, banka, sparisjóða og Reiknistofu bankanna. Í ljósi þessa er orðalag 15. gr. frumvarpsins e.t.v. of þröngt þar sem skilja mætti það á þann veg að efndalok (uppgjör) verði að gerast með jöfnun greiðslna. Óæskilegt væri að binda fyrirkomulag efndaloka við nettun eða jöfnun þar sem samtímabókun einstakra greiðslna kynni ekki aðeins að koma til greina, heldur að vera öruggari og í betra samræmi við alþjóðlegar venjur. Seðlabankinn leggur því til að sviginn í 1. mgr. 15. gr. frumvarpsins ásamt innihaldi hans, þ.e. orðinu *nettun*, falli brott.

Seðlabanki Íslands telur stofnun verðbréfamistöðvar á Íslandi stórt framfaraskref í þróun innlends fjármagnsmarkaðar. Bankinn fagnar því fram komnu frumvarpi og væntir þess að það hljóti skjóta afgreiðslu á yfirstandandi þingi. Mikilvægt er að eins vel verði staðið að stofnun verðbréfamistöðvar og setningu lagaramma um starfsemina og kostur er. Að mati bankans fullnægja frumvarpið og sú undirbúningsvinna sem þegar hefur farið fram vel því skilyrði. Frá sjónarhóli Seðlabankans er t.d. mjög mikilvægt að greiðslumiðlun tengd starfsemi verðbréfamistöðva verði örugg og greið og að bankinn hafi tækifæri til þess að hafa áhrif á hvernig henni verður fyrir komið. Þetta er tryggt að mati bankans í frumvarpinu eins og það liggur fyrir með þeirri breytingu sem hann leggur til.

Virðingarfyllt

SEÐLABANKI ÍSLANDS

*Þórir Þor. Gunnarsson, þingmaður*  
*Steingrímur Þorvaldsson*